

Alþingi  
Erindi nr. P 138/3128  
komudagur 20. 9. 2010

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
150 REYKJAVÍK



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 16. september  
2010

Tilvísun: 2010090747PS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis þar sem stofnuninni er sent til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts (pskj. 1456, 693. mál á 138. löggjafarþingi). Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við þessi lög ákvæði um heimild til kyrrsetningar eigna til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Þá er lagt til að í ákvæðum um þessar heimildir skattyfirvalda verði mælt fyrir um aðgang tollstjóra, sem hafi kyrrsetninguna með höndum, að nauðsynlegum upplýsingum vegna framkvæmdar hennar.

Við móttun orðalags ákvæðisins hefur verið farið að ábendingum Persónuverndar sem fram koma í umsögn hennar frá 13. ágúst 2009 um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (pskj. 320, 166. mál á 137. löggjafarþingi), sem og í umsögn hennar um frumvarp til laga um breytingu á sömu lögum frá 8. mars 2010 (pskj. 684, 386. mál á 138. löggjafarþingi).

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við umrætt frumvarp.

Virðingarfyllt

Þórður Sveinsson